


Beurer í Þýskalandi hefur framleitt hiteppi og hitapúða í yfir 8 áratugi og Beurer vörur hafa verið í notkun á Íslandi í tæpa 6 áratugi og reynst frábærlega vel. Með réttri notkun mun hitapúðinn endast um ókomin ár, en hér á eftir eru nokkrar ábendingar um meðferð hitapúðans.


1. Hvað fylgir með hitapúðanum

- 1 hitapúði
- 1 Innri púði
- 1 rofi
- 1 leiðbeiningar



1.1 Lýsing á hitapúðanum

- 1 Tengill í vegg tengil
- 2 Rafmagnsleiðsla
- 3 Rofi
- 4 Skjár með gaumljósi fyrir hitastig
- 5 Rennslisrofi til að kveikja og slökkva á púðanum og fyrir val á hitastigi
- 6 Tengill fyrir púða
- 7 Ytra púðaver með hitapúða
- 8 Innra púðaver
- 9 Rennilás



2. Áríðandi leiðbeiningar

(Geymið leiðbeiningarnar til seinni tíma)



VIÐVÖRUN

- Ef ekki er farið eftir leiðbeiningunum hér á eftir getur það orsakað persónuskaða eða eignartjón (rafstuð, húðbruna eða bruna). Eftirfarandi viðvörunar og öryggisráðstafanir eiga ekki eingöngu við ykkur sjálf, þriðja aðila heldur eiga einnig við um púðann sjálfan. Farið því ávallt eftir þessum leiðbeiningum og bendið öðrum notendum púðans einnig á þær.
- Ekki má nota púðann á ósjálfbjarga einstaklinga, ungabörn eða þá sem skynja illa hita.
- Ekki má nota púðann á ungabörn (0-3ja ára), þar sem þau geta ekki brugðist við hita á réttan hátt.
- Ung börn (3-8 ára) eiga ekki að nota þennan púða, svo fremi að rofinn hafi ekki verið stilltur af fullorðnum og þeir fylgist vel með því að barnið noti hitapúðann á réttan hátt.
- Það sama á við um eldri börn (eldri en 8 ára), svo og aðila með skyn- eða líkamsfötlun, nema að þau séu undir eftriliti aðila sem hefur einnig útskýrt fyrir viðkomandi hvernig nota eigi púðann.
- Börn mega aldrei nota hitapúðann sem leikfang.
- Þessi hitapúði er ekki ætlaður til notkunar á sjúkrahúsum.
- Stingið aldrei nælum eða prjónum í hitapúðann og notið hann aldrei samanbrotinn eða rakan.
- Hitapúðann má eingöngu nota með þeim rofa sem tekinn er fram á miðanum á púðanum.
- Raf- og segulsvið sem koma frá þessum púða gætu e.t.v. haft áhrif á gangráða. Þessi áhrif eru þó langt fyrir neðan leyfileg mörk. Styrkur rafsviðs; hámark 5000 V/m. Styrkur segulsviðs; hámark 80 A/m. Þéttleiki segulflæðis; hámark 0,1 Milli-Tesla. Hafið samband við lækni eða umboðsaðila gangráðsins áður en þið notið hitapúðann.
- Skoðið hitapúðann, leiðslu hans og rofa reglulega að utanverðu með tilliti til slits eða skemmda. Ef slíkt kemur í ljós er nauðsynlegt að koma hitapúðanum í viðgerð hjá umboðsaðila Beurer og láta yfirfara púðann.
- Elektrónísku hlutir rofans hitna lítillega við notkun og þess vegna þarf að aðgæta að rofinn sé ekki hulinn eða liggi á sjálfum hitapúðanum.
- Ef ykkur vantar frekari upplýsingar biðjum við ykkur að hafa samband við umboðsaðilann.

3. Fyrirhuguð notkun á hitapúðanum.

Þennan hitapúða á eingöngu að nota til að hita upp mannslíkamann.

4.1. Öryggi


Hitapúðinn er með innbyggt öryggiskerfi. Stafræn nematækni kemur í veg fyrir að allt yfirborð púðans ofhitni, með því að slökkva á púðanum ef slíkt kæmi fyrir. Þá slökkvar á gaumljósi rofans jafnvel þótt kveikt sé á honum. Ef slíkt kemur upp verður að senda púðann til umboðsaðilans.

4.2. Notkun

Gætið þess að púðinn kuðlist ekki eða liggi samanbrotinn við notkun.

Athugið að rofinn sé fyrst tengdur við tengil hitapúðans, og tengið hitapúðann síðan við rafmagn.

Hliðin (7) á verinu með innbyggða hitapúðanum á að snúa að hlið notandans.



4.3. Kveikt á hitapúðanum og 4.4. Hitinn stilltur

Rennið rennslisrofanum á hitastillingar 1, 2 eða 3 til að kveikja á hitapúðanum. Þegar kveikt er á púðanum kviknar einnig á gaumljósinu (4). Fljótlegast er að hita púðann þegar rofinn er stilltur í byrjun á hæstu stillingu, en lækka svo eftir því sem þörf er á. Púðinn er með hraðhitun sem hitar hann fljótt á fyrstu 10 mínútunum.



0 = slökkt

1 = minnsti hiti

2 = meðal hiti

3 = mesti hiti

4.5. Slekkur á sér sjálfkrafa

Hitapúðinn slekkur á sér sjálfkrafa ca. 90 mínútum eftir að kveikt var á honum og þá byrjar gaumljósið að blikka. Til að kveikja aftur á hitapúðanum verður fyrst að slökkva á honum (stilla hann á 0) og eftir ca. 5 sek. er svo hægt að kveikja á honum á ný. Ef ekki á að nota púðann lengur eftir að hann slekkur á sér þá ætti að slökkva á rofanum eða taka hann úr sambandi við rafmagn.



5. Hreinsun og meðferð

Áður en þið hreinsið hitapúðann verður að taka hann úr sambandi við rafmagn. Takið síðan tengilinn úr sambandi við hitapúðann. Gætið þess að tenglarnir og rofinn komi aldrei í samband við vatn eða aðra fljótandi vökva. Opnið rennilásinn og fjarlægjið innri púðann, en innri púðann er ekki hægt að þvo. Ytri púðann getið þið svo þvegið með öðrum þvotti, en gætið þess að þvo hann á kerfi fyrir ull eða á 30°C kerfi.

	<u>Lesið leiðbeiningarnar</u>		<u>Þvoið púðann aðeins á 30° heitu kerfi</u>
			<u>Notið ekki blævatn</u>
	Stingið aldrei nælum eða prjónum í púðann		Ekki þurrka í þurrkara
			Ekki strauja
	Ekki nota púðann samanbrotinn eða krumpaðan		Ekki hreinsa í efnalaug
			Ekki þvo
	Notist ekki á smábörn (0-3ja ára)		Efnin sem notuð eru í púðann uppfylla kröfur Oeko Tex Standard staðalsins eins og staðfest er af Hohenstein rannsóknarstofnuninni

Umboð: PFAFF hf., Grensásvegi 13, 108 Reykjavík Sími: 414-0451